

AUGLÝSING

(V) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, staðfestir ráðuneytið úthlutunarreglur þessa sveitarfélags:

Bolungarvík.

1. Úthlutun tekur mið af afla sem landað er til fiskvinnslu í Bolungarvík skv. eftirfarandi reglum: Úthlutað hlutfall og magn af byggðakvóta er 75% eða 75 þorskígildistonn.
Skilyrði til úthlutunar:
 - a) Úthluta skal til aflamarksskipa og krókaafلامarksbáta.
 - b) Heimahöfn Bolungarvík.
 - c) Einungis afli sem landað er í Bolungarvíkurhöfn, meðan bátur er í eigu útgerðaraðila, telst með í viðmiðun.
 - d) Einungis afli sem fer til fiskvinnslu í Bolungarvík skv. skráningu á hafnarvog telst með í viðmiðun (fyrsti kaupandi).
 - e) Umsóknaraðili þarf að hafa verið í útgerð 1. september 2004.
 - f) Hámarksúthlutun á bát er 20 tonn en lágmarksúthlutun 100 kg. Það magn sem skorið er af vegna þessara takmarkana fer aftur í „pottinn“ og er úthlutað til annarra sem uppfylla skilyrði til úthlutunar skv. 1. tölulið. Miða skal við slægðan fisk.
 - g) Útgerðaraðili sækir um úthlutun skv. lönduðum afla í Bolungarvík til vinnslu í Bolungarvík á því tímabili almanaksársins 2004 sem báturinn var í hans eigu.
 - h) Úthlutun er samkvæmt hlutfalli afla skv. ofangreindum skilyrðum af grunntölunni hér að neðan.
 - i) Grunntalan sem hér er áætluð skv. vigtarskýrslum en breytist í samræmi við rökstuddar umsóknir er 3.274.591 kg.
2. Úthlutun tekur mið af afla sem landað er í Bolungarvík og fer ekki til vinnslu skv. eftirfarandi reglum: Úthlutað hlutfall og magn af byggðakvóta er 20% eða 20 þorskígildistonn.
Skilyrði úthlutunar:
 - a) Krókaafلامarksbátur/-skip.
 - b) Heimahöfn Bolungarvík.
 - c) Einungis afli sem landað er í Bolungarvíkurhöfn, meðan bátur er í eigu viðkomandi útgerðaraðila, og fer ekki til vinnslu í Bolungarvík, telst með í viðmiðun.
 - d) Umsóknaraðili þarf að hafa verið í útgerð 1. september 2004.
 - e) Hámarksúthlutun á bát er 7 tonn en lágmarksúthlutun 100 kg. Það magn sem skorið er af vegna þessara takmarkana fer aftur í „pottinn“ og er úthlutað til annarra sem uppfylla skilyrði til úthlutunar skv. 2. tölulið. Miða skal við slægðan fisk.
 - f) Útgerðaraðili sækir um úthlutun skv. lönduðum afla bátsins í Bolungarvík á því tímabili almanaksársins 2004 sem báturinn var í hans eigu, að frádregnum afla lönduðum til vinnslu í Bolungarvík.
 - g) Úthlutun er samkvæmt hlutfalli afla skv. ofangreindum skilyrðum af grunntölunni hér að neðan.

- h) Grunntalan sem hér er áætluð skv. vigtarskýrslum en breytist í samræmi við rökstuddar umsóknir er 4.421.496 kg.
3. Úthlutun til nýrra útgerða tekur mið af skráningu báts í Bolungarvík skv. eftirfarandi reglum: Úthlutað hlutfall og magn af byggðakvóta er 5% eða 5 þorskígildistonn. Skilyrði til úthlutunar:
- a) Krókaaflamarks-, aflamarksbátur/-skip.
 - b) Útgerðaraðili hóf útgerð á almanaksárinu 2004.
 - c) Útgerðaraðili sem vill nýta viðmiðun frá öðrum bát sem hefur verið seldur getur ekki fengið úhlutun skv. þessari reglu.
 - d) Umsóknaraðili þarf að hafa verið í útgerð 1. september 2004.
 - e) Hámarksúthlutun á bát er 1,8 tonn en lágmark 100 kg. Miða skal við slægðan fisk.
 - f) Hámarksúthlutun fyrir hvern mánuð sem bátur er skráður í eigu útgerðaraðila á almanaksárinu 2004 er 0,15 tonn.
 - g) Útgerðaraðili sækir um úthlutun skv. tímabili sem báturinn var í hans eigu á árinu 2004.
 - h) Úthlutun er skv. þeim fjölda mánaða sem bátur var í eigu útgerðar árið 2004.
4. Bátar/skip geta átt rétt á úthlutun skv. 1., 2. og 3. tl. Leggst þá saman úthlutunin skv. hverjum tölulið fyrir sig. Hámarksúthlutun á hvern bát er sjáfstæð skv. hverjum tl. af 1. til 3. tl., þ.a. úthlutun skv. einum tölulið hefur engin áhrif á úthlutun, eða hámark skv. einhverjum öðrum tölulið.
5. Byggðakvótinn er ekki framseljanlegur.
6. Ef magn til úthlutunar skv. 3. tl. er ekki fullnýtt, þá leggst það við magn í 2. tl.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 31. mars 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.